

15 febrúar 2016 kl 18:00

Fundur nr.2 í aðalstjórnar Vestra, íþróttafélags.

Mættir eru; Hjalti Karlsson, Sólrún Geirsdóttir, Pétur G. Markan, Guðfinna Hreiðarsdóttir; Gísli Jón Hjaltason, Guðni Guðnason og Sigurður Jón Hreinsson.

Gengið til boðaðar dagskrár.

1. Merkjamálið. Formaður skýrði frá því að hann hafi rætt við aðila um það verk, Gunnar Bjarni og Guðjón Davíð. Fram komu góðar ábendingar frá Guðjóni Davíð sem brýndi fyrir okkur að hafa skýra lýsingu fyrir hönnuðina. Einnig að gefa þeim hönnuðum færi á að slípa til þau merki sem komast áfram í kosningu.

Stjórnin hefur huga á að fá eftirtalda aðila til að taka þátt í samkeppni um merki. Tveir fyrst nefndu eru þegar búnir að samþykkja að taka þátt.

Gunnar Bjarni
Guðjón Davíð
Gunnar Jónsson
Birgir Sigurjónsson

Hugmyndin er að bjóða hverjum og einum 50 þúsund fyrir að taka þátt í samkeppninni um merki. Sigurvegarinn fengi svo 200 þúsund í verðlaunafé. Væntanlega kostar einhvað líka að setja málið í kosningu á BB, en það er samt leið sem við viljum fara. Þurfum að skoða betur tæknilegu útfærsluna á því.
2. Búningar.

Frekar lítið búið að gera í þessu máli ennþá. En spurning hvaða leið ætti að fara. Við stjórnarmenn ætlum að gúggla og koma með hugmyndir inn á næsta fund. Ekki verra að fá deildirnar til að taka þátt í þeirri vinnu, í gegnum fulltrúa þeirra í stjórn.

Rætt vítt og breitt um grunnliti félagsins og hvernig búningar félagsins gæti verið uppsettur. Dálítið rætt um þá hugmynd að færa þessa umræðu nær bæjarbúum með því td að fá Smára Karls eða Stefán Pálsson til að vera með erindi um búninga almennt. Mætti hugsanlega tengja það þá framkomnum hugmyndum. Einnig kemur vel til greina að stjórnin velji kanski þrjá búninga sem færu í opna kosningu.
3. Vallarhúsið.

Formaður hefur sent bréf fyrir hönd Vestra til bæjarins, þar sem við tókum yfir ósk BÍ um afnot af húsinu. Fram kom að annar hópur hefur óskað eftir afnotum af húsinu fyrir klifur. Bennt hefur verið á að sá félagsskapur er ekki innan HSV. Gerum ráð fyrir að halda fram ósk um að fá yfirráð yfir húsinu. Verði æfingaraðstaða áfram í húsinu gætum við vel litið svo á að klifuraðstaða þvæli málið ekkert frekar.
4. Keppnisleifi.

Formaður ítrekaði að deildir þurfa að sækja um nafnabreytingu hjá sínum sérsamböndum. Kemur til vegna þess að KSI er farið að raða upp leikjum og þar kemur bara fram BI. Þurfum væntanlega að mynna á þetta aftur.
5. Heimasíðumál.

Þurfum að fara að vinna í þeim málum. Formaður lagði til að Guðfinna og Sólrún tækju það máli í fóstur.
6. Skjalasafnamál.

Guðfinna hefur samið bréf þar sem gömlu félögin eru hvött til að koma sínum gögnum til varðveislu hjá Skjalasafninu. Þurfum að koma bréfinu til deildanna og fylgja málinu eftir.
7. Bókahaldsmál.

Guðni hefur verið í sambandi við Ríkisskattstjóra vegna kennitalna. Stjórnin þarf að undirrita samþykktir og koma þangað.

Bjarki Bjarnason er tilbúinn að fara að taka við fylgiskjölumum og fara að bóka. Hafa þarf samband við gjaldkera deilda til að koma þessu máli áfram. Heppilegt verður því að telja að aðalstjórn hitti forsvarsmenn deildanna fljótlega.

Guðna veittur skoðunaraðgangur að öllum reikningum.

8. Hjalti fær Sigga með sér til að kasta fram tillögu að reglugerð sem tekur á starfsreglum stjórnar.

Fundarritari sjh

Fundi slitið kl 19:33